



Leikdeild Eflingar sýnir nýtt íslenskt leikverk, Í beinni, eftir Hörð Þór Benónýsson með tónlist eftir Jaan Alavere í leikstjórn Jennyjar Láru Arnórsdóttur og tónlistarstjórn Jaan Alavere og Péturs Ingólfssonar.

7. sýning föstudaginn 11. apríl kl. 20:30  
8. sýning laugardaginn 12. apríl kl. 16:00 Örfá sæti laus!  
Athugið takmarkaður sýningarfjöldi!

Miðapantanir í síma 618-3945 og á leikdeild@leikdeild.is

Við vekjum athygli á sérstöku leikhústilboði sem Dalakofinn býður í samstarfi við okkur þar sem hægt er að fá saman í pakka mat og leikhúsmiða. Hið rómaða vöfflukaffi kvenfélagsins er til sölu fyrir sýningu og í hléi.

	Miðaverð	Miði og matur
Fullorðnir	3000 kr	6200 kr
Eldri borgarar	2600 kr	5900 kr
Börn (16 ára og yngri)	2000 kr	5400 kr

Framsýn greiðir niður miða fyrir félagsmenn sína. Vinsamlegast sækið afsláttarmiða á skrifstofu Framsýnar áður en greitt er í leikhúsinu.

Hlökkum til að sjá ykkur á Breiðumýri!

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

11. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 9. apríl 2014

***Afmælisbörn dagana 10. apríl — 16. apríl 2014***

10. Guðrún María Valgeirsdóttir.
14. Sigríður Jóhannesdóttir.
15. Baldvin Þór Jóhannesson, Bjartur Arnarsson.
16. Jón Óskar Ferdinandsson.

**Samkaup** strax

## Opnunartími um páska.

17. apríl, skírdagur	10:00 – 18:00
18. apríl, föstudagurinn langi	12:00 – 18:00
20. apríl, páskadagur	12:00 – 16:00
21. apríl, annar í páskum	12:00 – 18:00

Gleðilega páska,  
Samkaup Strax Mývatnssveit.



## Forval vegna utanhússmálningar.

Skútustaðahreppur hefur ákveðið að efna til forvals vegna utanhússmálningar á eftirfarandi fasteignum sveitarfélagsins: Reykjahlíðarskóla, Helluhrauni 10 og Skútahrauni 2, að hluta. Verkið skal framkvæma n.k. sumar og um er að ræða undirbúningsvinnu, málningu útveggja, glugga, útihurða og þaka.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í verðkönnun vegna þessa verkefnis eru beðnir um að tilkynna það til sveitarstjóra Skútustaðahrepps, í síma 464 4163 eða á netfangið [guðrunm@myv.is](mailto:guðrunm@myv.is) fyrir lok miðvikudagsins 16. apríl n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps,  
Guðrún María Valgeirsdóttir.



## Frá Íþróttamiðstöð.



Opnun yfir páska 2014

Fimmtudagur 17. apríl (skírdagur)	12:00 – 16:00
Föstudagurinn langi	12:00 – 18:00
Laugardagur 19. apríl	12:00 – 16:00
Páskadagur	Lokað
Mánudagur 21. apríl	Lokað

Kveðja, starfsfólk.

## Ábending til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Í Mýflugunni 26. mars sl. kom fram í fundargerð Skútustaðahrepps frá skipulags og umhverfisnefnd eftirfarandi í lið 6 um Höfða: „Skipulags- og umhverfisnefnd leggst eindregið geng gjaldtöku og lokun svæðisins, en leggur til við sveitarstjórn að veitt verði fjárframlag til endurbóta á göngustígum og aðgengi að Höfða til þess að koma í veg fyrir hugsanleg náttúruspjöll vegna aukins fjölda ferðamanna á svæðinu“.

Mig langar að benda á, að þau systkin Gunna Sigga og Kalli Þorsteinsbörn frá Geiteyjarstönd hafa séð um Höfða í allmörg ár og gert það með þryði, sérstaklega hafa þau lagt mikla vinnu í gerð og viðhald göngustíga. Þess vegna finnst mér fráleitt að fá einhverja utankomandi til að ganga í þeirra verk.

Kveðja, Hilla á Strönd.

## Vilt þú vinna hjá Mývatnsstofu í sumar?

Starfsmenn óskast í sumarstörf hjá Mývatnsstofu ehf.

Helstu verkefni starfsmanns Mývatnsstofu eru almenn afgreiðslustörf, upplýsingamiðlun til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila, umboðssala, umsjón með heimasíðu og uppgjör.

Hæfniskröfur eru sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi. Jákvæðni og fagleg framkoma. Hæfni í mannlegum samskiptum, almenn tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi og hafi reynslu af sölustörfum.

Vinsamlega sendið inn ferilskrá og formlega umsókn til Guðrúnar Brynleifsdóttur á [gudrun@visitmyvatn.is](mailto:gudrun@visitmyvatn.is). Nánari upplýsingar í síma 464 4390 / 898 9820. Umsóknafrestur er til og með 18. apríl n.k.



## Auglýsing um skipulag.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 14. nóvember 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Hveri austan Námafjalls skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig er auglýst samhliða tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem sveitarstjórn samþykkti að auglýsa 13. febrúar s.l. skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga. Breytingartillagan varðar nýtt verslunar og þjónustusvæði **370-V** við Hveri. Tillögunum fylgja umhverfisskýrslur.

Í deiliskipulagstillögunni er skilgreind ný lóð og byggingarreitur fyrir þjónustubyggingu og jafnframt eru lagðar línur varðandi fyrirkomulag bílastæða, útsýnispalla og aðkomusvæðis fyrir bíla og rútur ásamt því að ákveða legu gönguslóða, sem leiða gesti um hverasvæðið.

Tillöguupprættir og greinargerðir munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn frá og með föstudeginum 11. apríl til og með föstudeginum 23. maí 2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps, [www.myv.is/Stjornsyslan/Skipulagsmal/Deiliskipulag](http://www.myv.is/Stjornsyslan/Skipulagsmal/Deiliskipulag).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 23. maí 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkrir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

## Mývetningar, ferðafólk.

Munið hina árlegu páskaónleika.

### Á skírdag 17. apríl kl. 20:00 í Skjólbrekku.

Þar verður flutt tónlist m.a. eftir Beethoven, Chopin, Dvorák, íslensk sönglög og óperusmellir. Sérstakir gestir eru karlaoktettinn Garðar Hólm.

### Á föstudaginn langa 18. apríl kl. 21:00 í Reykjahlíðarkirkju.

Meðal annars verður þar flutt tónlist eftir Bach, Händel, Glück ásamt íslenskum sálmalögum.

#### Flytjendur:

Sesselja Kristjánsdóttir	mezzosópran
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Aladár Rác	píanó/orgel.

Í Skjólbrekku verða sýndir pappírsskúlptúrar „Mý“ eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann.

Miðasala við innganginn.

Miðaverð á aðra tónleikana kr. 2.500, tvennir tónleikar kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit.

## Aðalfundur.

Aðalfundur verður haldinn hjá Menningarfélaginu Gjallanda fimmtudaginn 24. apríl í Skjólbrekku.

Venjulega aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Lög félagsins má sjá á heimasíðu ([www.gjallandi.is](http://www.gjallandi.is)). Tillögur að lagabreytingum berist fyrir miðnætti 23. apríl.

Boðið verður upp á kaffi og Sæmund. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin



## Aðalfundur Mývatnsstofu ehf.

Mývatnsstofa ehf. boðar til aðalfundar félagsins, þann 30. apríl 2014 í húsi Björgunarsveitarinnar Stefáns að Múlavegi 2, efri hæð. Fundurinn hefst kl. 14:00.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 13. grein samþykta félagsins.

Stjórnin

## Aðalfundur

Félags eldri Mývetninga verður haldinn í Jarðböðunum mánudaginn 14. apríl kl. 16:30.

Venjuleg aðalfundarstörf, nýir félagar velkomnir.

Stjórnin



**Frá og með föstudeginum 11. apríl  
verðum við með opið  
alla daga kl. 17:00 - 20:00.**

Þú getur skoðað matseðilinn á [www.vogahraun.is](http://www.vogahraun.is)

Möguleiki er á opnun utan afgreiðslutíma ef pantað er með fyrirvara.

**Sími: 773-6060**